



## Rannsókn á volgrum í Höfðadal (Búðeyri) Tálknafirði

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85-15B

## RANNSÓKN Á VOLGRUM Í HÖFÐADAL (BÚÐEYRI) TÁLKNAFIRÐI

REINARSSAFN

### Inngangur

Dagana 22.-25.3.1985 voru kannadaðar aðstæður á volgrusvæði í landi Höfðadals í Tálknafirði. Volgrurnar eru efst í fjörunni inn af Búðeyri og í brekkunni þar upp af. Efstu volgrurnar eru í 20-25 m hæð yfir sjó. Mikið af vatninu kemur fram efst í fjörunni, of lágt til þess að það verði nýtt með sjálfrennsli í fiskeldisstöð. Athugunin var gerð í þeim tilgangi að finna, hvort og hvernig ná mætti volga vatninu sjálfrennandi svo að nýst gæti við fiskeldi. Volgrusvæðið var kortlagt, mælt rennsli og hiti í volgrunum, jarðfræðilegar aðstæður skoðaðar og leitað að göngum og misgengjum með segulmælingum.

### Kort af volgrusvæðinu

Volgrurnar eru margar og dreifðar. Gert var kort af þeim til að fá gleggri yfirsýn yfir legu þeirra og tengsl við sprungur og ganga (mynd 1). Volgrurnar voru merktar með hælum og númerum til að auðvelda lýsingu og samanburð síðar ef frekari rannsóknir verða gerðar. Ekkert uppstreymi fannst með vissu í fjörunni neðan við hæstu flóðmörk.

### Rennslis- og hitamælingar

Rennsli var mælt úr næstum því öllum volgrunum með skeiðklukku, fötu 9,35 l og stampi 33,4 l. Rennsli í minnstu seyrunum var áætlað. Hiti var mældur með ylkanna (staf) jarðhitadeilda. Í ljós kom að hitinn mældist lægri en á mæli Bárðar Árnasonar (glermælir). Reyndist hér framkominn galli í ylkannanum, sem sýnir lægri hita eftir því sem úti-hiti er lægri. Munaði þarna allt að  $0,9^{\circ}\text{C}$ , þegar kaldast var í  $5-7^{\circ}$  frosti. Tölur um hitastig eru leiðrétt gildi miðað við mæli Bárðar og kvörðun á ylkannanum úti í kuldalanum, eftir að heim var komið.

Rennsli og hiti var sem hér segir:

<u>Volgrur</u>	<u>Rennsli</u>	<u>Hiti</u>
4 og 5	0,6 l/s	9,5 °C
7	0,3 -	9,5 -
8	?	9,8 -
9	0,01 -(áætlað)	9,3 -
21	0,03 -	7,5 -
10	1,54 -	9,5 -
11 og 12	0,92 -	10,0 -
13	0,73 -	9,7 -
14	0,80 -	9,8 -
15	0,01 -(áætlað)	8,0 -
16	1,44 -	9,5 -
17	0,01 -(áætlað)	8,8 -
23	0,18 -	9,5 -
24	?	10,5 -
25 og 26	0,46 -	11,5 -
27	0,47 -	11,5 -
lind rétt hjá 27	0,13 -	11,5 -
28	0,1 -(áætlað)	9,0 -
29	0,1 -(áætlað)	11,5 -
30 og 31	6,02 -	11,7 -

Rennsli var ekki mælt í 8 og 24, en mun vera smávægilegt. Í töflunni er sleppt nokkrum lindum 5-8°C heitum (2, 3, 4, 22, 35, 36, 37, 38). Rennsli úr þeim er samtals um 1 l/s. Heildarrennsli úr þeim volgrum sem eru yfir 8°C heitar var samkvæmt þessu um 14 l/s þegar athugunin var gerð. Af þessu vatni koma 6,6 l/s upp í fjörunni en 7,4 l/s í brekkunni það ofarlega að auðveldlega má ná því sjálfrennandi í fiskeldisker. Meðalhiti vatns í volgrunum í fjörunni er 11,7°C en meðalhiti vatns af brekkunni er 9,7°C. Ljóst er því, að þó nokkru máli skiptir að ná vatnini efst í fjörunni með, ef af byggingu fiskeldistöðvar verður. Ekki er vitað hvort rennsli helst jafnt. Þyrfti að kanna það með því að mæla rennsli úr einhverjum lindanna á öðrum árstínum.

#### Segulmælingar

Segulmælt var yfir volgrusvæðið bæði samsíða brekkunni og þvert á hana (mynd 2). Mæliferlarnir eru sýndir á mynd 3. Sterkt segulmagnaður gangur kom fram í mælingunum sniðhallt í brekkunni með stefnu N15°A. Efstu volgrurnar eru rétt ofan við þennan gang og nokkuð víst tengdar honum. Gangurinn var markaður út með vörðum (C-N á korti), þar sem segulsþið mældist lægst á miðjum ganginum. Önnur línuleg segulóregla liggar ANA-VSV beint upp hlíðina austarlega á volgrusvæðinu. Líklega er þar einnig um gang að ræða. Sprungur sjást í klettunum hjá volgrum 30, rétt þar innan við sem gangurinn liggar upp úr fjörunni samkvæmt

segulmælingunum. Báðir gangarnir eru öfugt segulmagnaðir. Sá sem liggur sniðhallt eftir brekkunni um efstu volgrurnar er þykkari, líklega um 10 m. Hinn er líklega um 5 m þykkur. Hvorugur ganganna sést á volgrusvæðinu.

#### Jarðfræðiathuganir

Jarðlögum í Tálknafirði hallar 5° til SA við sjávarmál. Meginstefna bergganga er norðaust-suðvestlæg og algengast að þeim halli til NV. Sprungur og misgengi með NV-SA stefnu finnast víða um Tálknafjörð og oft fylgir jarðhitinn slíkum sprungum. Svo er t.d. um Botnsgilið, Reykjagil og Hádegisgil inn af Tálknafjarðarbotni, einnig um jarðhitann innan við Gileyri (Sleiphella), sem er gegnt Búðeyri norðan við fjörðinn. Jarðhitasprungan sem liggur gegnum Sleiphellu stefnir SA-NV, beint út fjörðinn, en ekki á volgrurnar innan við Búðeyri. Þær eru því líklega engin bein tengsl á milli. Sprungur sjást í klettunum hjá volgrunum sem merktar voru 30. Þær stefna ANA-VSV, á Gileyrar-gilið norðan fjarðarins. Sömu stefnu hefur gangur sem fannst í segulmælingu þær rétt utan við (mynd 2). Gangur sést innarlega í Gileyrargilinu, en kemur einungis fram í segulmælingum niðri við bæinn. Gilið er nánast þráðbein skora og uglaust markað fyrir því af ganginum. Millilag úr rauðu túffi sést undir klettunum, þær sem volgra 31 sprettur upp. Augun suðaustan við aðaluppsprettuna virðast koma fram í millilaginu fremur en að þær sé um að ræða NV-SA sprungu. Annars sáust engin merki um SA-NV sprungu á volgrusvæðinu innan við Búðeyri.

#### Efnagreiningar

Eitt sýni var tekið til efnagreiningar úr heitustu og vatns mestu volgrunni nr. 31, og auk þess mælt sýrustig í nokkrum fleiri. Niðurstaða efnagreiningar á vatninu úr volgru 31 fylgir með á sérstöku blaði. Sýrustigmælingar sýndu eftirfarandi gildi.

Volgra 5	pH	9,47
- 11 og 12	-	9,46
- 16	-	9,41
- 25	-	8,87
- 31	-	9,60

Uppleyst kísilsýra í vatninu bendir til að hiti í vatnskerfinu sem fæðir volgrurnar sé einungis um 20°C.

#### Helstu niðurstöður

Uppstreymi volga vatnsins í Höfðadal er tengt berggögum. Mest allt vatnið kemur upp við berggang, sem liggur þvert á hlíðina með ANA-VSV stefnu. Frá honum leitar volga vatnið skamman spöl til NNA eftir berggangi sem liggur skáhallt niður brekkuna. Sjálfrennsli úr volgrunum var um 14 l/s og heitasta vatnið er 11-12°C. Þær af sprettur rúmur

helmingur fram nokkuð uppi í brekkunni. Það gæti bent til, að aðal upptökin séu þar sem gangarnir skerast. Efnagreining bendir til að djúphiti í vatnskerfinu sé einungis um  $20^{\circ}\text{C}$ . Hér er því sennilega um að ræða fremur grunnt rennsliskerfi. Líklegast er að ANA-VSV ganginum halli um  $4^{\circ}$  til NV.

Til að tryggja volgt vatn fyrir fiskeldisstöð, er um tvær leiðir að velja. Annars vegar að nýta sjálfrennslið úr volgrunum. Til þess þyrfti að grafa volgrurnar upp helst niður að klöpp þar sem vatnið kemur upp. Með þeirri aðferð mætti líklega fá lítið eitt heitara og meira vatn og líklega ná einhverjum af volgrunum saman. Vandi yrði með volgrur 31 sem virðast dreifast út í millilag í átt frá 30. Vatnið sem fram kemur í 31 þyrfti að spenna upp um 2 m, til að fá það sjálfrennsandi í fiskeldisker. Slíkt er nánast útilokað, þar sem vatnið myndi sleppa framhjá, ef framrás þess yrði heft með mótförþystingi í þró kringum volgrurnar.

Hinn möguleikinn er borun. Nota mætti lítinna bor sem borar grannar ( $3\frac{1}{2}$ " víða) og grunnar (50-80 m djúpar) holur. Slíkur bor kæmist á borstaðinn án borplans og vegagerðar. Vegna þess hvað borholan yrði grönn verður að reikna með a.m.k. tveimur holum til að ná upp einhverju verulegu vatnsmagni. Flutningsgeta  $6\frac{1}{2}$ " holu er margföld á við  $3\frac{1}{2}$ " holu miðað við sama þrýsting. Eðlilegt er að staðsetja fyrstu holur neðarlega í landinu með tilliti til þess að fá sem mest sjálfrennsli, en færa sig heldur ofar ef tilefni verður til. Verði byrjað með að bora með litlum bor myndu fást upplýsingar um legu uppstreymisrásarinnar, sem myndu auka líkur á að dýpri hola yrði rétt staðsett.

Ef valinn verður stærri bor mætti hugsa sér ca. 200 m djúpa holu móts við vatnsmestu volgrurnar ofan við fjöruna. Borhola yrði staðsett þannig að hún skæri ANA-VSV bergganginn og sprungur tengdar honum ofan við 200 m dýpi. Slík hola sem hér er mælt með myndi varla kosta minna en 300 þús. kr. Þar við bættist flutningskostnaður og vegagerð, a.m.k. frá húsinu á Búðeyri svo og borplan. Miðað er við að koma Ými, einum af minni borum Jarðborana ríkisins á borstaðinn.